

Efni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglunga og fjölskyldur þeirra, 52.mál

Eins og staðan er í dag þá hafa mörg börn með hegðunarvanda og geðrænan vanda ekki nægt aðgengi að greiningu og þjónustu við hæfi. Því er brýnt að bæta geðheilbrigðisþjónustu barna og unglunga hér á landi. Mikilvægt er að finna þau börn sem eru í erfiðleikum og/eða í áhættuhópum en það nægir ekki ef nauðsynleg stuðnings- og meðferðarúrræði bjóðast ekki í kjölfarið. Þannig er ekki siðferðislega réttlætanlegt að skima fyrir geðrænum vanda án þess að vera með viðbragðsáætlun sem felur í sér nánari greiningu og íhlutun sem byggð er á gagnreyndum aðferðum. Nauðsynlegt er að styrkja grunnþjónustu á borð við heilsugæslu og sérfræðiþjónustu skóla og bjóða upp á þverfaglega nálgun fyrir þennan hóp barna og fjölskyldur þeirra. Gæta þarf þess að úrræði byggi ekki á of þröngu sjónarhorni. Til að það megi gerast þarf að bæta aðgengi barna og fjölskyldna að fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu en nú er til staðar í nærumhverfinu s.s. iðjuþjálfun, sjúkráþjálfun, þroskaþjálfun, félags- og fjölskylduráðgjöf. Vaxandi þekking byggð á rannsóknum sýnir að mestur árangur næst, þegar vinna á með geðrænan vanda barna ef unnið er heildrænt og veittur stuðningur við alla fjölskylduna. Markvisst samstarf og skilgeind aðkoma þeirra þjónustukerfa sem koma að þessum málum er forsenda góðrar þjónustu.

Varast skal að einblína á eina meðferðarleið. Umdeilt er hversu vel hugræn atferlismeðferð gagnast ungum börnum og börnum með frávík í taugaþroska en líklegt verður að teljast að þau síðarnefndu séu stór hluti þeirra barna og unglunga sem búa við geðrænan vanda. Mælt er eindregið með víðari sýn á þessi mál, að greiningar- og meðferðarteymi verði þverfagleg, til staðar og aðgengileg börnum og fjölskyldum í nærumhverfi þeirra.

Við viljum í þessu samhengi minna á skýrslu sem nefnd um stefnumótun í málefnum barna og ungmenna skilaði af sér og nefnist „TILLAGA AÐ STEFNU Í MÁLEFNUM BARNA OG UNGMENNA“

En þar komu meðal annars fram eftirfarandi tillögur varðandi heilsugæslu í skólum;

"Að heilsugæsla í skólum verði í auknum mæli þverfagleg teymisvinna á sviði sálrænnar, líkamlegrar og félagslegrar heilsu barna og ungmenna með skimun, forvörnum, greiningu, fræðslu, ráðgjöf, auknum úrræðum og meðferð.


4. Að heilsugæsla í skólum taki með skipulegum hætti til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Efla skal unglíngamóttökur í framhaldsskólum og á heilsugæslustöðvum og víkka starfsvið þeirra.

5. Að fleiri fagstéttir tengist eða verði ráðnar í auknum mæli að heilsugæslustöðvum og taki þátt í teymisvinnu heilsugæslunnar úti í skólunum. Skýr verkaskipting sérfræðipjónustu við skóla og teymisvinnu heilsugæslunnar þarf að vera fyrir hendi."

Framlag iðjupjálfa í heilbrigðisþjónustu við börn með geðrænan vanda hefur verið nokkuð fram að þessu, m.a á Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans og í meðferðarteymi barna í heilsugæslunni í Grafarvogi, en þarf nauðsynlega að aukast í 1.línu þjónustu í samfélaginu, í skólum og á heilsugæslustöðvum landsins.

Virðingarfyllst ,

f.h iðjupjálfafélags Íslands


Ósk Sigurðardóttir
Formaður IPÍ

Heimild:

http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/malefni_barna_unglingaPDF.pdf bls 16.